



Haustfundur Kvasis 2010

Fundurinn var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði, fimmtudaginn 14. október 2010

Fundurinn er haldinn í kjölfar 10 ára afmælisfagnaðar Kvasis þann 13. október sl.

Pátttakendur

- Frá Farskólanum - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.
Bryndís Þráinsdóttir, Jóhann Ingólfsson og Rannveig Aðalbjörg Hjartardóttir.
- Frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
Smári Haraldsson, Helgi Ólafsson (í stjórn), Kristín Sigurrós Einarsdóttir, María Ragnarsdóttir, Sigurborg Þorkelsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir.
- Frá Fræðsluneti Suðurlands.
Ásmundur Sverrir Pálsson.
- Frá Mími – símenntun.
Hulda Ólafsdóttir, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Hrafnkell Konráðsson, Ingibjörg Stefánsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir, Irma Matchavariani, Selma Kristjánsdóttir, Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.
- Frá MSS - miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
Guðjónína Sæmundsdóttir, Guðmunda Jóna Magnúsdóttir, Hjörleifur Þór Hannesson og Nanna Bára Maríasdóttir.
- Frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi.
Inga Dóra Halldórsdóttir og Guðrún Vala Elíasdóttir.
- Frá SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.
Erla Björg Guðmundsdóttir, Arna Jakobína Björnsdóttir (stjórnarformaður), Heimir Haraldsson, Hildur Betty Kristjánsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir.
- Frá Visku - miðstöð símenntunar í Vestmannaeyjum.
Valgerður Guðjónsdóttir og Sólrún Bergþórsdóttir.
- Frá Þekkingarneti Austurlands.
Stefanía G. Kristinsdóttir, Emil Björnsson, Halldóra Tómasdóttir, Katrín María Magnúsdóttir, Laufey Eiríksdóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir, Olga Lís Gardarsdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir.
- Frá Þekkingarneti Þingeyinga.
Dóra Ármannsdóttir, Erla Dögg Ásgeirsdóttir, Heiðrún Óladóttir og Helena Eydís Ingólfssdóttir.
- Menntamálaráðuneytið: Stefán Stefánsson.



Stefanía G. Kristinsdóttir formaður bauð gesti velkomna og setti fund. Hún skipaði þá Jóhann Ingólfsson og Smára Haraldsson fundarritara.

Gengið var til dagskrár.

1 Markmið og hlutverk Kvasir í innflytendamálum.

Laufey Eiríksdóttir formaður starfshóps um málefni innflytjenda, sem skipaður var á vorkundi 2010, gerði grein fyrir markmiðum með starfi hópsins og vinnu hans hingað til. Þá ræddi hún um hlutverk Kvasir í þessum málaflokki.

Hópurinn hefur þegar haldið 2 fundi (fjarfundur 21. júní og fundur á Dalvík 30. ágúst). Að auki hafa 2ja til 3ja manna hópar unnið að einstaka verkefnum og notað forritið google doc í samskiptum.

Kvasir fékk nú í haust 2 mkr styrk frá Starfsmenntaráði í samfélagsverkefni um málefni innflytjenda.

Fundargestir spurðu um hlutverk Kvasir í lestrarþjálfun, t.d. fyrir þá sem eru ólæsir á latneskt letur. Þá var spurt um kennslu í móðurmáli innflytjenda fyrir þá sem hafa slaka færni í móðurmáli sínu.

Þorbjörg Halldórsdóttir benti á tungumálavefinn Tungumálatorg (http://vefir.hi.is/smidja/?page_id=1493).

Laufey sagði að hópurinn muni leggja fram lokaafurð sína á vorkundi 2011.

Laufey lagði að lokum til að starfshópnum yrði falið að finna leiðir til að ná markmiðum Kvasir í málefnum innflytjenda. Tillagan var samþykkt.

2 Innleiðing framhaldsfræðslulaga.

Stefán Stefánsson deildarstjóri Framhaldsfræðslu- og starfsmenntadeildar mennta- og menningarmálaráðuneytisins gerði grein fyrir aðdraganda að setningu laga um framhaldsfræðslu, efni laganna og vinnu við innleiðingu laganna.

2.1 Aðdragandi.

Hugmyndir voru fyrst uppi um að semja lög um framhaldsfræðslu eða fullorðinsfræðslu, samhliða lögum um framhaldsskóla.

Þorgerður Katrín þáverandi menntamálaráðherra lagði frumvarp fyrst fram haustið 2008. Tók það frumvarp mikið mið af kerfinu sem komið hefur verið upp.

Katrín Jakobsdóttir núverandi mennta- og menningarmálaráðherra lagði fram nýtt frumvarp sem var nokkuð útvíkkað og tók ekki bara mið af þörfum atvinnulífsins, heldur tók einnig til fatlaðra, útlendinga o.fl.



Margskonar athugasemdir og hugmyndir voru uppi. T.d. var atvinnulífið ekki sérlega sátt við útvíkkunina, landsbyggðin vildi fá háskólabáttinn inn og framhaldsskólar settu spurningu við gæðaviðmið hjá símenntunarmiðstöðvunum. Tekið var nokkuð tillit til þessara athugasemda.

Aðspurður sagði Stefán að komið hefði til tals að setja inn ákvæði til að tryggja tilvist símenntunarmiðstöðvanna, en þar hefðu tekist á mismunandi sjónarmið og verið ákveðið að leyfa þeim að blómstra eins og þær eru.

2.2 Nokkrar greinar.

Ákvæði eru um reglugerðarsetningu í greinum 5, 7, 8 og 17. Stefnt er að því að setja þetta í eina reglugerð, en ekki víst að það takist.

Í lögnum eru ákvæði um úthýsingar verkefna í 15. grein. Gert er ráð fyrir að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins taki verkefnið að sér.

2.3 Undirbúningur reglugerðarsetninga.

Settir hafa verið upp hópar til að semja reglugerðir. Leikn hefur tilnefnt í 4 vinnuhópa. Þeir eru:

A. Flokkun og þrepaskipting framhaldsfræðslu.

Kristrún Ísaksdóttir deildarsérfræðingur á Framhaldsfræðslu- og starfsmenntadeild mmr. er formaður þessa hóps.

Niðurstöður hópsins eru að: Mmr annist vottun námsskráa. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) beri ábyrgð á gæðum. FA vinni eigin námsskrár og taki einnig við drögum að námsskrám frá viðurkenndum fræðsluaðilum til vottunar. Námsskrár verði skilgreindar miðað við hæfniþrep í viðmiðunarramma.

Hinir hóparnir eru undir stjórn Ólafs Grétar Kristjánssonar deildarsérfræðings á Framhaldsfræðslu- og starfsmenntadeild mmr.

B. Viðurkenning fræðsluaðila.

Tillögur liggja fyrir. Á annan tug einkarekinna framhaldsskóla eru í landinu. Einkareknar símenntunarmiðstöðvar gætu sprottið upp. Tillögur munu taka tillit til krafna til þeirra.

C. Raunfærnimatshópurinn.

Komin drög að reglum. Álitamál ennþá og því aðeins í bið.

D. Mat og eftirlit með gæðum.

Ekki er talin ástæða til að setja ákveðnar reglur að sinni. Verið er að skoða ákvæði um meðferð persónuupplýsinga.

E. Skipan stjórnar fræðslusjóðs og reglur.

Skipunin liggur á borðinu hjá ráðherra. Um 700 mkr. fara inn í sjóðinn núna.



2.4 Rekstrarsamningur við FA.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er með samning við aðila vinnumarkaðarins um rekstur FA, tengt gerð kjarasamninga eða álíka. Stefnt er að því að gera hreinan rekstrarsamning við FA en taka út önnur ákvæði. ákvæðum. Verður svipað og verið hefur að öðru leyti. Samningurinn verður væntanlega undirritaður mjög fljótlega.

2.5 Ráðstefnan 19. nóvember n.k.

Stefán minnti á auglýsta ráðstefnu um framhaldsfræðslulögin þann 19. nóvember n.k. og togstreitu á milli framhaldsskólanna og símenntunarmiðstöðvanna. Einnig togstreita á milli atvinnulífsins og ráðherra vegna útvíkkunar laganna frá fyrra frumvarpi.

2.6 Ákvæði laganna um samráð við fræðsluaðila.

Samráðið skal verða formlegt. Með framhaldsskólunum eru 1 eða 2 formlegir fundir ráðgerðir á hverju ári.

Þetta þarf að samræma við fundi Kvasis og Leiknar. Á fyrri hluti næsta árs er gert ráð fyrir eins dags fundi mennta- og menningarmálaráðuneytis með símenntunaraðilum.

3 Menntastoðir, fjarnám!

Guðjónína Sæmundsdóttir og Hjörleifur Þór Hannesson frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) gerðu grein fyrir þessum dagskrárlið.

Sögðu þau að aldrei hefði neitt gerst í fjarkennslu/dreifnámi á milli svæði þrátt fyrir umræður þar um.

Menntastoðir hefðu verið staðkenndar frá MSS síðan í feb. 2009. Farið var í það s.l. sumar að skoða möguleika á fjarkennslu þeirra (dreifkennslu) eftir að komið var til vinnu eftir sumarleyfi.

Mikil eftirspurn væri eftir fjarnáminu, t.d. frá sjómönnum, bændum og vaktavinnufólki og fólki í smærri byggðarlögum.

Menntastoðir hefðu verið kenndar í 10 mánuði á ári, frá janúar til júní og frá ágúst til desember. Þrír hópar hefðu nú þegar útskrifast, ca 60 manns.

Í dag væru 3 hópar í gangi, um 74 nemendur.

Brottfall hefur ekki verið mikið, aðeins ca 5-6%.

Inga Dóra spurði um framtíð Keilis, sem hún sagði að virtist standa á brauðfótum.

Stefán Stefánsson benti á að ábendingar Ríkisendurskoðunar um Keili eru á borði mmr. Það yrði að taka harkalega á þeim rekstri sem þar hefur verið ef mmr eiga að setja peninga í hann.

Olga Lísá sagði að mikilvægt væri að framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar talist við. Benti hún á að framhaldsskólar væru mjög háðir reglum og samningum og undir mun strangari ramma en símenntunarmiðstöðvarnar. Það gæti að hluta skýrt þann núning sem væri á milli þeirra og símenntunarmiðstöðvanna.



4 Gæðastarf í símenntun (EQM).

Helena Eydís Ingólfssdóttir hjá Þekkingarneti Þingeyinga gerði grein fyrir því þróunarstarfi sem þar hefur verið unnið í gæðamálum. Verkefnið hófst fyrir tilstuðlan FA og var ætlunin að FA yrði leiðbeinandi í verkefninu, en svo varð þó ekki heldur tóku Símei, ÞNA og ÞP upp samstarf sín á milli að hluta. Sýndi Helena drög að gæðahandbók sem hópurinn er að vinna. Verkefnið byrjaði með sjálfsmati sem er á heimasíðu FA. Allir starfsmenn á símenntunarsviði Þekkingarnetsins voru með í vinnunni. Sérstakur verkefnastjóri var ráðinn til að stýra verkinu og taldi Helena það mjög mikilvægt. Afurð verksins er nú komin til yfirlstrar og umsagnar hjá stjórn Þekkingarnetsins sem síðar mun taka þetta fyrir. Síðan tekur við lokafrágangur gæðahandbókarinnar og síðast innleiðingin. Sjálfsmatsferlið mun síðan verða endurtekið árlega.

Út úr þessari vinnu kom plagg sem allar símenntunarmiðstöðvarnar getað sameinast um og hver og ein unnið áfram og gert að sínu.

5 Fullorðinsfræðsluáætlun Evrópusambandsins – Grundtvig.

Ragnhildur Zoega frá Landsskrifstofu námsáætlunar ESB gerði grein fyrir Grundtvig Leonardo og NordPlus menntaáætlunum.

A. Grundtvig og Leonardo

Grundtvig er fyrir:

- Nemendur í fullorðinsfræðslu.
- Kennara á sviði fullorðinsfræðslu.
- Fullorðinsfræðslustofnanir, háskóla, samtök o.fl. er sinna fullorðinsfræðslu.

Grundtvig styrkir:

- Samstarfsverkefni fullorðinsfræðslustofnana til tveggja ára, a.m.k. 3 evrópskir aðilar frá 3 löndum taki þátt.
- Evrópskar vinnustofur fyrir fullorðna nemendur – vika /eitt land.
- Sjálfboðaverkefni 50+: Samstarf tveggja landa skiptast á 2-6 einstaklingum í allt að 3 vikur.
- Undirbúningsheimsóknir – tengslaráðstefnur.

Grundtvig verkefnaflokkar:

- Sjálfboðaverkefni 50+.
- Undirbúningsheimsóknir tenglaráðstefnur.
- Endurmenntun í fullorðinsfræðslu.
- Starfsþjálfun/Assistantship- fullorðinsfræðslukennarar í 3-9 mánuði.

Nemendahópar þurfa að koma frá minnst 3 löndum.
Flestir umsóknarfrestir eru í febrúar og mars.

Leonardo snýr svo að starfsmenntun.



B. NordPlus.

Markhópar NordPlus eru:

- Samtök, stofnanir og skólar sem starfa við fullorðinsfræðslu formlega eða óformlega.
- Samtök, stofnanir og skólar, námsflokkar, hjálpar- og sjálfbóðaliðasamtök ýmis konar.
- Kennarar og starfsfólk í fullorðinsfræðslu ásamt stefnumótandi aðilum í greininni.
- Nemendur í fullorðinsfræðslu.
- Rannsóknarstofnanir, með sérþekkingu og reynslu í fullorðinsfræðslu.

NordPlus forgangsatriði 2010:

- Grunnfærni fullorðinna, lestur, skrift, reikningskunnátta, tölvufærni, og tungumálafærni hjá innflytjendum og minnihlutahópum í norrænum tungumálum og tungumálum Eystrasaltslanda, ásamt færni í öðru tungumáli í gístillandi.
- Viðurkenning og mat á raunfærni, þróun verkfæra og aðferða til að skrá starfsfærni, formlegt og óformlegt nám.
- Þróun nútímasamfélags með áherslu á loftslagsmál og umhverfi en einnig á frumkvöðlastarfsemi eða svipaða starfsemi.
- Styrking félagslegrar samþættingar í menntamálum, með því að bæta aðgengi og framboð í fullorðinsfræðslu. Sérstök áhersla er lögð á að ná til landsbyggðarfólks og fjölga tækifærum til að hefja nám að nýju
- Samspil fyrirtækja og fullorðinsfræðslustofnana í þjálfun og menntun fullorðinna námsmanna.
- Umsóknir sem virkja þjóðfélagshópa sem minna mega sín í samfélaginu, njóta forgangs sem og nýjir umsækjendur/nýtt samstarf.

NordPlus. Hvernig styrkir?

Námsferðir

- Undirbúningsheimsóknir vegna námsheimsókna eða verkefna.
- Endurmenntun og námsferðir kennaraskipti /nemendaskipti.

Net/verkefni (a.m.k. 3 lönd)

- Verkefni um þemanet.
- Þróunarverkefni.
- Úttektarverkefni.

NordPlus gerðir:

- NordPlus horisontal getur tengt saman fullorðinsfræðslu og yngri skólastig eða jafnvel annað.
- NordPlus sprog er stjórnað af Íslendingum.
- Getur verið einhliða verkefni (Icelandic online hefur fengið stóra styrki frá þessu).

Umsóknarfrestur er til 1. mars.



6 Umfang og þróun starfsseminnar.

Bryndís Þráinsdóttir gerði grein fyrir starfi vinnuhóps sem hún, ásamt Stefaníu G. Kristinsdóttur og Huldu Ólafsdóttur sátu í og var falið að fjalla um framtíð Kvasis. Hópurinn var skipaður sl. sumar samkvæmt ákvörðun vorfundar 2010.

Hópurinn aflaði upplýsinga með því að senda forstöðumönnum spurningar um nokkra þætti í starfsemi og umhverfi miðstöðvanna. Meðal annars gerði hópurinn samanburð á starfi símenntunarmiðstöðvanna árin 2004 og 2009.

(Bryndís sendi glærur).

Samþykkt var að hópurinn leggi fram afurð sína á vorfundi.

7 Stefnumótunarvinna.

Fundargestum var skipt í 4 vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða þætti í stefnumótun fyrir símenntunarmiðstöðvarnar. Hóparnir voru:

1. Hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í innflytjendamálum
2. Þróun og rammi fyrir: Námsmat – námsskrár og námskeið
3. Gæðamál: Verkfærakista, handbækur, EQM, EQF o.fl.
4. Framtíðarsýn varðandi samstarf aðila í fullorðinsfræðslu, rannsóknir, þróun, Kvasir – Leikn?

Niðurstöður hópanna

7.1 Hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í innflytjendamálum.

Halldóra Tómasdóttir gerði grein fyrir starfi hópsins.

Við verðum að læra að lifa í fjölmenningsarsamfélagi og ábyrgð samfélagsins er mikil.

Ábending kom fram um að nauðsynlegt sé að fá álit innflytjenda á sínum málum.

Helstu vandkvæði við að innflytjendur nái að læra íslensku eru að erfitt er að stunda nám eftir langan vinnudag og að erfitt er að skikka atvinnurekendur til að heimila fólki að fara á námskeið í vinnutíma. Þá er námið of lítið niðurgreitt.

Helstu leiðir til úrbóta eru að fá atvinnurekendur í lið með okkur og að þeir sjái ábata í því að fólkið læri íslensku. Þá er mikilvægt að hafa námsframboðið meira sveigjanlegt.

Hjá MSS fá nokkrir innflytjendur að hætta 1 klst. áður en vinnutíma líkur og fara þá í íslenskunám í 2 klst. Þannig skipta atvinnurekendur og þátttakendur með sér verkefninu. Atvinnurekendur geta sótt um styrk fyrir þessu.

Á Akranes eiga innflytjendur í Landnemaskólanum kost á að fara í talþjálfun í vinnutíma einu sinni í viku.

7.2 Þróun og rammi fyrir: Námsmat – námsskrár og námskeið.

Bryndís Þráinsdóttir greindi frá niðurstöðum hópsins.

Hópurinn byrjaði á að skoða stöðuna. Mikilvægt er að hafa víðtækara samráð, þannig að Grunnmenntaskólinn sé t.d. metinn eins alls staðar.



Hagsmunaaðilar, svo sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, símenntunarmiðstöðvarnar framhaldsskólarnir, mennta- og menningarmálaráðuneytið og fulltrúar atvinnulífsins eiga að ræða saman.

Mikilvægt er að tala fyrirfram við skólann sem á að meta, áður en kennsla á námsskránni hefst.

Það er mikilvægt að endurskoða þarf námsskránnar og þróa aðferðir og leiðir við námsmat.

Kvasir ætti að standa fyrir námsstefnu um aðferðir við námsmat.

7.3 Gæðamál: Verkfærakista, handbækur, EQM, EQF o.fl.

Hulda Ólafsdóttir kynnti vinnu þessa hóps.

Ráðuneytið mun sennilega ekki gera kröfur um ákveðið gæðakerfi.

Sjálfsmat verður sennilega framkvæmt árlega. Vottunaraðilar munu ekki gera úttekt nema þriðja eða fjórða hvert ár. Geta þó ef til vill gert stikkprufur oftar.

Gæðahandbók er ferli í sífelldri þróun. Athuga að starfsmannahandbók er ekki sama og gæðahandbók.

Fimm aðilar eru nú farnir af stað með EQM. Það er aðgengilegt og auðvelt í notkun, en gallar í viðmiðun og þá þarf að láta FA vita um það. Það tekur ekki til allra þátta í starfseminni, svo sem raunfærnimats.

Rætt var um gerð námssamninga á milli nemenda og kennara. Í dag eru þeir yfirleitt ekki gerðir, amk ekki skriflega. Getur verið samningar í skólastofunni. Kennarinn leitist við að gera símmat og sé vel undirbúinn og tryggja að það sé sameiginlegur skilningur hvað fer fram í skólastofunni.

Fólk vill oft fá mat eða próf þegar þau fara að styrkjast.

Kostur ef allar símenntunarmiðstöðvarnar verði með sama gæðakerfið.

7.4 Framtíðarsýn varðandi samstarf aðila í fullorðinsfræðslu, rannsóknir, þróun, Kvasir – Leikn?

Stefanía G. Kristinsdóttir gerði grein fyrir umræðum innan þessa hóps.

Meginspurningin er hvort Kvasir verði til áfram.

Helsta niðurstaða hópsins var að ekki yrði komist að niðurstöðu að svo stöddu heldur yrði spurningunni haldið lifandi áfram og fylgst með hvernig þróunin verði.

Fundargestir voru sammála um að samstarf einstaklinga á svipuðu sviði hjá símenntunarmiðstöðunum væri mikilvægt hvernig sem samstarfi aðila í fullorðinsfræðslu yrði háttað.

Hulda Ólafsdóttir sagði að vaxandi þörf væri hjá verkefnastjórum hjá Mími að fá fleiri samráðsfundi með verkefnastjórum annarra miðstöðva svo sem um Grunnmenntaskólann, Nám og þjálfun o.s.frv. Var tekið vel í þetta en bent á að miðstöðvarnar væru ólíkar að mannfjölda og umfangi starfseminnar, þannig að sami einstaklingur sinnti stjórnun margra verkefna hjá minni stöðvunum.

Mímir mun hugsa þetta áfram og hafa samband við miðstöðvarnar.

Stefnt var að því að ræða þetta mál frekar, m.a. á vorfundi 2011.

Fundi slitið kl. 16.

Jóhann Ingólfsson, ritari. Smári Haraldsson, ritari. Stefanía G. Kristinsdóttir, fundarstjóri.